


beurer BR 60

Mýbitsbaninn

1. Lok yfir rafhlöðum
2. Rofi
3. Hitaplata
4. Ljósshringur
5. Hnappur
6. Díóða



Rafhlöður settar í tækið:

1. Rennið lokinu (1) yfir rafhlöðuhólfina af tækinu
2. Setjið rafhlöðurnar í tækið eins og sýnt er í hólfinu.
3. Rennið lokinu aftur á tækið þar til þið heyrið smá smell.

Notkun:

Gætið þess að enginn broddur sé á stungustaðnum og fjarlægjið hann ef svo er. Það gefur bestan árangur að nota tækið sem fyrst eftir bit því þá hafa eituráhrif bitsins ekki dreift sér. Ef beðið er þar til kláði, roði og bólgur hafa komið fram verður árangurinn ekki eins góður, en flýttir samt fyrir bata – kláðinn minnkar og batinn kemur fyrir.

1. Rennið rofanum (2) fram á við að l í átt að hitaplötunni (3) til að kveikja á tækinu. Blátt ljós kviknar á díóðunni (6) og sýnir að tækið er tilbúið til notkunar.
2. Hægt er að velja um tvær aðferðir til að nota tækið allt eftir því hve húðin er viðkvæm.
 - Staðsetjið hitaplötuna (3) á stungustaðinn.
 - Fyrir 3ja sekúndna notkun ýtið þið einu sinni á hnappinn (5) og við það kviknar á helming bláa ljósahringins (4) og tækið er þá komið í gang. Þessi stutti tími hentar vel fyrir fyrstu notkun og fyrir þá sem eru með mjög viðkvæma húð.
 - Fyrir 6 sekúndna notkun ýtið þið tvisvar í röð á hnappinn (5) og við það kviknar á öllum ljósahringnum (4). Þessi tími hentar vel þeim sem ekki eru með viðkvæma húð.
3. Að notkun lokinni gefur tækið frá sér smá hljóðmerki – hitun á hitaplötunni (3) hættir og það slokknar á bláa ljósahringnum (4). Fjarlægjið hitaplötuna (3) af stungustaðnum þegar þið heyrið hljóðmerkið.

Athugið:

Allt eftir viðkvæmni þess sem notar tækið svo og staðsetningu bitsins gæti notandinn kannski orðið var við óþægilegan hita og roða. Ef það er reyndin þá hættið notkun.

4. Ef þörf krefur er hægt að nota tækið aftur á sama bit eftir ca. 2 mínútur en þið getið notað það strax á annað bit sem þið hafið ekki meðhöndlað. Ekki á að nota tækið á sama stað oftár en 5 sinnum á klukkutíma.
5. Að notkun lokinni slökkvið þið á tækinu með rofanum (2) og setjið hann aftur á "0". Við það slokknar einnig á bláu díóðunni (6).

6. Gætið þess þegar þið gangið frá tækinu til geymslu að slökkt sé á rofanum og að hitaplatan (6) sé orðin köld.

Rafhlöðurnar:

Áður en rafhlöðurnar verða orðnar það lélegar að þær geti ekki unnið rétt byrjar díóðan (6) að blikka þrisvar sinnum og tækið gefur einnig frá sér þrjú hljóðmerki. Þá er nauðsynlegt að setja nýjar rafhlöður í tækið.

Hreinsun og umhirða:

Farið eftir eftirfarandi hreinlætis og heilbrigðisráðleggingum:

- Tækið er hannað til að fleiri en einn geti notað það.
- Við mælum með því að hreinsa tækið fyrir fyrstu notkun og einnig fyrir hverja notkun.
- Fyrir hreinsun verður að vera slökkt á tækinu og hitaplatan köld.
- Notið eingöngu mjúkan klút við hreinsunina.
- Notið aldrei nein hreinsiefni og setjið tækið aldrei ofan í vatn.
- Setjið tækið aldrei í uppþvottavél.
- Þegar tækið er notað á marga stungustaði mælum við með því að hreinsa hitaplötuna í hvert sinn sem farið er á nýjan stungustað. Það kemur í veg fyrir að bakteríur eða slim fari á milli staða. Notið einfaldlega spritt til að hreinsa hitaplötuna.

Hvað gerum við ef vandamál koma upp?:

Vandamál	Orsök	Lausn
Það kviknar ekki á tækinu	Slökkt er á rofanum Rafhlöðurnar tómar	Kveikið á rofanum. Skiptið um báðar rafhlöður
Hitaplatan hitnar ekki nóg	Rafhlöðuspennan er of lág	Skiptið um báðar rafhlöður
Tækið gefur frá sér 3 hljóð, og díóðan blikkar	Rafhlöðuspennan er of lág	Skiptið um báðar rafhlöður
Tækið virkar ekki þótt kveikt sé á rofanum.	Tækið hefur slökkt sjálfkrafa á sér vegna þess að ýtt hefur verið á hnappinn (5) í meira en 2 sekúndur	Slökkvið fyrst á rofanum (2) og kveikið síðan á honum aftur.
Það kviknar ekki á tækinu þótt skipt hafi verið um rafhlöður og kveikt sé á rofanum (2)	Tækið gæti verið bilað.	Hafið samband við Beurer þjónustuna.

Umboðsaðili: PFAFF hf., Grensásvegi 13, 108 Reykjavík.

sími 414-0400